

Síðast uppfært 10. Janúar 2022 - skjal þetta getur tekið breytingum.

Spurt og svarað: Leiðbeiningar til frambjóðenda í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninga 2022

Hvernig býð ég mig fram?	1
Hvaða gögnum þarf ég að skila?	1
Hvernig skila ég framboðsgögnum?	2
Hvert er þátttökugjaldið?	2
Hvernig safna ég stuðningsyfirlýsingum meðmælanda?	2
Dæmi um tölvupóst með stuðningsyfirlýsingu meðmælanda	3
Hverjir mega vera meðmælendur með framboði mínu?	4
Má á vera meðmælandi með fleira en einu framboði?	4
Hvenær veit ég að framboðið mitt er tekið gilt?	4
Skjöl, samþykktir, reglur, og lög	4

1. Hvernig býð ég mig fram?

- Með því að skila inn útprentaðri framboðsyfirlýsingu ásamt fylgigögnum til kjörstjórnar Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir klukkan 12:00 laugardaginn 22. janúar 2022.

2. Hvaða gögnum þarf ég að skila?

- Þú þarft að skila eftirfarandi gögnum:
 - ☐ Framboðsyfirlýsingu
 - ☐ Tengiliðaupplýsingum um þig og umboðsmann þinn, ef svo ber undir.
 - ☐ Kvittun fyrir greiðslu þátttökugjalds.
 - ☐ Ef svo ber undir, undirritaða beiðni um lækun eða niðurfellingu á þátttökugjaldi.
 - ☐ Stuðningsyfirlýsing 20 til 30 meðmælanda.

Síðast uppfært 10. Janúar 2022 - skjal þetta getur tekið breytingum.

3. Hvernig skila ég framboðsgögnum?

- Það þarf að skila inn öllum gögnum og framboðsyfirlýsingu útprentuðum og undirrituðum í frumriti til kjörstjórnar.
- Kjörstjórn verður á skrifstofu Samfylkingarinnar að Sóltúni 26 milli kl. 10 og 12 laugardaginn 22. janúar til að taka á móti framboðum og í kjölfarið úrskurða um gildi framboð.
- Hægt er að skila inn framboði í fyrir þann tíma í samráði við kjörstjórn.

4. Hvert er þátttökugjaldið?

- Almennt þátttökugjald er 30.000 kr.
- Fyrir námsmenn, öryrkja og atvinnulausa er þátttökugjaldið 15.000 kr. Þau sem greiða lækkað þátttökugjald þurfa að skila umsókn um það til kjörstjórnar með framboðsyfirlýsingu.
- Þátttökugjald skal greitt með millifærslu á reikning FSR:
 - RN: 0114-26-100049
 - KT: 500502-2660
- Skila skal útprentaðri kvittun fyrir millifærslunni með framboðsyfirlýsingu.

5. Hvernig safna ég stuðningsyfirlýsingum meðmælenda?

- Hægt er að safna saman stuðningsyfirlýsingum meðmælenda bæði **rafrænt** eða **skriflega**.
- Fyrir skriflegar stuðningsyfirlýsingar hefur kjörstjórn útbúið eyðublað sem má nálgast [hér](#).
- Fyrir rafrænar stuðningsyfirlýsingar hefur kjörstjórn útbúið dæmi af tölvupósti sem má nálgast **hér** ásamt frekari leiðbeiningum.
- Eftirfarandi þarf að koma fram í stuðningsyfirlýsingunni:
 - Að sendandi styði frambjóðandann til framboðs í flokksvali Samfylkingarinnar
 - Nafn
 - Kennitala
 - Símanúmer
 - Netfang

Síðast uppfært 10. Janúar 2022 - skjal þetta getur tekið breytingum.

- Samþykki fyrir því að kjörstjórn megi hafa samband við viðkomandi til að sannreyna stuðninginn.
- Rafrænar stuðningsyfirlýsingar þurfa að vera sendar í gegnum tölvupóst og vera sendar á sama tölvupóstfang og það sem frambjóðandi tilgreinir með framboðsyfirlýsingu sinni.
- Þegar gögnum er skilað til kjörstjórnar þarf að prenta út allar rafrænar stuðningsyfirlýsingar þannig að fram komi:
 - Tölvupóstfang frambjóðanda
 - Tölvupóstfang meðmælanda
 - Stuðningsyfirlýsing í heild með ofangreindum upplýsingum.
 - Tölvupóstar með stuðningyfirlýsingum skulu prentaðir út þannig að fram komi sendandi og viðtakandi. Útprentið afhendir frambjóðandi til kjörstjórnar ásamt framboðsyfirlýsingu og öðrum gögnum. Hér að neðan er dæmi um stuðningsyfirlýsingu meðmælanda sem uppfyllir þessi skilyrði.

MEÐMÆLANDI SKAL SENDA STUÐNINGSYFIRLÝSINGU SÍNA TIL FRAMBJÓÐANDANS.

KJÖRSTJÓRN MUN EKKI TAKA VIÐ STUÐNINGSYFIRLÝSINGUM BEINT FRÁ MEÐMÆLANDA.

Dæmi um tölvupóst með stuðningsyfirlýsingu meðmælanda

Date: Thu, 6 Jan 2022 15:45:19 +0000

Subject: Stuðningsyfirlýsing

From: "Meðmælandi" <medmaelandi@gmail.com>

To: "Frambjóðandi" <frambjodandi@gmail.com>

Ég, undirritaður félagi í Samfylkingunni í Reykjavík, styð framboð ***nafn frambjóðanda*** í flokksvali Samfylkingarinnar vegna borgarstjórnarkosninga 2022.

Ég samþykki að kjörstjórn vegna flokksvals Samfylkingarinnar í Reykjavík 2022 megi hafa samband við mig símleiðis eða með öðrum hætti til að staðfesta þessa stuðningsyfirlýsingu.

Nafn meðmælanda

Kennitala

Lögheimili

Símanúmer

Síðast uppfært 10. Janúar 2022 - skjal þetta getur tekið breytingum.

6. Hverjir mega vera meðmælendur með framboði mínu?

- Allir skráðir félagsmenn í Samfylkinguni sem eiga lögheimili í Reykjavík.

7. Má á vera meðmælandi með fleira en einu framboði?

- Já, það má vera meðmælandi með fleira en einu framboði. Það er ekkert hámark á því hversu mörg framboð einn félagsmaður má styðja með meðmæli sínu.

8. Hvenær veit ég að framboðið mitt er tekið gilt?

- Þegar framboðsfresti lýkur mun kjörstjórn fara yfir öll framboð og úrskurða þau annaðhvort gild eða ógild.
- Ef einhverjir ágallar eru á framboði sem gætu leitt til ógildingar mun kjörstjórn hafa samband við frambjóðanda eða umboðsmann eins fljótt og auðið er til að gefa frambjóðanda færi á að leiðrétta framboð sitt.
- Kjörstjórn mun veita frambjóðanda frest til þess að skila inn leiðréttum gögnum og verður sá frestur stuttur en sanngjarn, en þó aldrei lengri en 18 klukkustundir.
- Þegar kjörstjórn hefur farið í gegnum öll framboðin og úrskurðað um gildi þeirra mun kjörstjórn hafa samband við alla frambjóðendur símleiðis til að staðfesta framboðið og jafnframt birta lista frambjóðenda á vefsvæði Samfylkingarinnar - jafnaðarmannaflokks Íslands

9. Skjöl, samþykktir, reglur, og lög

Hér að neðan er listi yfir ýmis skjöl, samþykktir, reglur og lög sem kunna að skipta máli:

[Framboðsyfirlýsing](#)

[Leiðbeiningar um stuðningsyfirlýsingar](#)

[Eyðublað fyrir skriflegar stuðningsyfirlýsingar](#)

[Verklag við móttöku og afgreiðslu framboða í flokksvali Samfylkingarinnar 2022.](#)

[Reglur FSR um val á framboðslista fyrir borgarstjórnarkosninga 2022](#)

[Skuldbindandi reglur Samfylkingarinnar um val á framboðslista](#)

[Lög FSR](#)

[Lög Samfylkingarinnar](#)

[Kosningalög nr. 112/2021](#)

Síðast uppfært 10. Janúar 2022 - skjal þetta getur tekið breytingum.

[Lög um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006](#)

[Leiðbeiningar og eyðublöð á vefsíðu Ríkisendurskoðunar](#)